

From: bjarni.thoroddsson@reykjavik.is
To: [Helga Björnsdóttir](#); [Skjalaver Höfðatorgi](#)
Subject: Fw: Tillaga fjölmeningarráðs um að kynna reglur um aðild að frístundakortinu á fleiri tungumálum
Date: fimmtudagur, 9. maí 2019 15:36:04
Attachments: [tillaga_1.pdf](#)

Tilvísun í mál: R19050087

Sæl,

Frumritið mun berast í bréfpósti.

Kveðja,

Bjarni Þóroddsson
Skrifstofa borgarstjórnar
Ráðhús Reykjavíkur
s. 411 4702
bjarni.thoroddsson@reykjavik.is

Reykjavík, 9. maí 2019
R19050087

bj

Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð

Tjarnargötu 11

105 REYKJAVÍK

Efni:

Tillaga fjölmeningarráðs um að kynna reglur um aðild að frístundakortinu á fleiri tungumálum

Á sameiginlegur fundi borgarstjórnar og fjölmeningarráðs þann 30. apríl 2019 var svohljóðandi tillögu fjölmeningarráðs vísað til meðferðar menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs:

Í því skyni að auka meðvitund meðal Reykvíkinga með annað móðurmál en íslensku um hvernig nýta megi frístundakort til að skipuleggja og fjármagna frístundastarf barna samþykkir Borgarstjórn Reykjavíkur að fara í eftirfarandi aðgerðir: Umsókn um aðild að frístundakorti verði aðgengileg bæði á íslensku og ensku. Reglur um aðild að frístundakorti verði aðgengilegar bæði á íslensku og ensku. Ráðist verði í auglýsingaherferð á fleiri tungumálum þar sem frístundakort er kynnt gagnvart mögulegum skipuleggjendum frístundastarfs.

Það tilkynnist hér með.
Greinargerð fylgir tillögunni.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Borgarfulltrúa Flokks fólksins finnst mikilvægt að bíða með allar þýðingar á frístundakortinu þar til afgreiðsla tillögu um rýmkuð reglnanna liggur fyrir. Breyta þarf reglum um frístundakortið. Þær eru of strangar og því mikilvægt að rýmka þær til að fleiri börn geti nýtt sér kortið og þá ekki síst börn innflytjenda. Í sumum hverfum er nýting rétt um 64% og er langminnst í Fella- og Hólahverfi. Varla er það ásættanlegt. Það er. t.d. engin sanngirni í að binda notkun kortsins við félög og samtök sem eru einungis í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu svo fremi sem viðkomandi barn á lögheimili í Reykjavík. Það er líka óraunhæft að skilyrða kortið við 10 vikna námskeið hið minnsta. Mörg börn treysta sér ekki til að skuldbinda sig í svo langan tíma en myndu gjarnan taka þátt í styttri námskeiðum. Eins er fráleitt að setja sem kröfu að kennarinn eða leiðbeinandinn þurfi að vera með menntun í því sem er kennt á námskeiðinu svo fremi sem hann hafi alla sína pappíra í lagi og sé eldri en 18 ára. Húsnæði þar sem námskeið fer fram þarf að vera með rekstrarleyfi er að sama skapi óþarfa skilyrði.

Helga Björk Laxdal
e.u.

Hjálagt:

Tillaga fjölmeningarráðs um að kynna reglur um aðild að frístundakortinu á fleiri tungumálum